

Beiðni um úrskurð vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| | |
|--|---|
| Ábyrgðaraðili / ábyrgðaraðilar erindis: <input type="checkbox"/> Skólameistari <input checked="" type="checkbox"/> Kennari / Kennarar | Dagsetning tilvísunar 24.09 2015 |
| Nafn skóla Borgarholtsskóli | Símanúmer skóla 5351700 |
| Skólameistari Bryndís Sigurjónsdóttir | Netfang bryndis@bhs.is |
| Kennari / Kennarar XXXX | Netfang |
| Áfangaheiti og áfangalýsing (vefslóð) REN103 http://www.bhs.is/namid/afangar/nr/1034 REN 203 http://www.bhs.is/namid/afangar/nr/1736 REN 303 http://www.bhs.is/namid/afangar/nr/1286 REN 403 http://www.bhs.is/namid/afangar/nr/1290 REN 543 http://www.bhs.is/namid/afangar/nr/1759 | |
| <p>Ágreiningsefni</p> <p>Ég er að kenna 5 fög í 16klst í dagskóla (stundataflan í fylgiskjali). Í tveimur fögum er samkennsla án þess að það sé í vinnumati eða á stundatöflu. 2 fög eru kennd í samkennslu þar sem hluti nemenda er að taka bæði fögin en stundataflan mín segir að ég eigi að kenna annan áfangann á undan hinum en ekki í samkennslu (vinnumatið er bara einn áfangi fyrir þessa tvo) Ingi Bogi Bogason aðst. Skólameistari vill bara greiða mér 16 klst aukalega í lok annar fyrir þessa aukavinnu.</p> <p>Ég fæ greitt fyrir að kenna 4 áfanga (16 klst) en er með samkennslu í flestum áföngunum en fæ ekkert greitt aukalega fyrir það. Ingi Bogi aðstoðarskólameistari hefur boðið mér 16 klst aukalega í lok annar fyrir þessa aukavinnu. Hef fundað með honum ásamt trúnaðarmanni en hann segir að þar sem það hafi ekki verið greitt fyrir svona kennslu áður eigi ekki að gera það núna, hann vitnar einnig í 6. Greinina þar sem skólin hafi ekki fengið neina peninga til að greiða fyrir svona vinnu. Læt fylgja með afrit af vinnumatinu ásamt stundatöflu með útskýringum.</p> <p>Þriðjudagur: fyrir hádegi: kenni ren303 samkvæmt stundatöflu en er líka með 3 nemendur í ren203 Eftir hádegi: kenni ren 403 og ren543 í samkennslu (flestir nemendur í báðum áföngum)</p> <p>Föstudagur: fyrir hádegi: kenni ren203 samkvæmt stundatöflu en er með 1 nemanda í ren103</p> | |
| Sent á formann vinnumatsnefndar <input type="checkbox"/> Starfsnám 1: Helga Jóhanna Baldursdóttir helgajo@idnskolinn.is <input type="checkbox"/> Starfsnám 2 og listgreinar: Gréta Mjöll Bjarnadóttir greta@fa.is <input type="checkbox"/> Félagsgreinar / Íþróttir / Starfsbrautir: Lára Stefánsdóttir lara@mtr.is <input type="checkbox"/> Tungumál / Íslenska: Halldóra Sigurðardóttir hals@mh.is <input type="checkbox"/> Raungreinar / Stærðfræði: Lárus H. Bjarnason larushb@mh.is | Fylgigögn <input type="checkbox"/> Vinnumat kennara <input type="checkbox"/> Vinnumat skólameistara <input checked="" type="checkbox"/> Önnur gögn: stundatafla |

Vinnumatsnefndir áskilja sér rétt til að kanna sjónarmið um vinnumat áfangans hjá aðilum málsins og kalla eftir frekari gögnum.

Úrskurður vinnumatsnefndar vegna vinnumats framhaldsskólakennara

| | |
|--|------------------------------------|
| Vinnumatsnefnd Vinnumatsnefnd 1 | Málsnúmer VNMI-008 |
| Nafn skóla Borgarholtsskóli bryndis@bhs.is ellert@bhs.is | Áfangaheiti |
| Dagsetning sem málið barst 24.09.2015 | Dagsetning úrskurðar 30.09.2015 |
| Niðurstaða vinnumatsnefndar <p>Vinnumatsnefnd 1. telur afar mikilvægt að öll vinna kennara sé gerð sýnileg og reiknuð út í reiknilíkaninu sem samþykkt var að nota í síðustu kjarasamningum. Það á jafnt við um samkennslu og hefðbundna kennslu.</p> <p>Þrátt fyrir að samkennsla sé ekki skv. kjarasamningi skal eigi að síður greiða fyrir hana sem um venjubundna kennslu væri að ræða. Hafi kennari samþykkt að taka að sér samkennslu teljum við eðlilegt að hann fái í sitt vinnumat allt annað en staðna kennslu eða eins og um tvo kennda áfanga væri að ræða. Hann mun þurfa að undirbúa kennslu fyrir báða áfangana, búa til mismunandi verkefni, próf og o.fl.</p> <p>Dæmi um 3 eininga áfanga í samkennslu: Námsáætlun / skipulag / vinnumar 6 klst. Verkefni og prófagerð á kennslutíma 8 klst Prófagerð / framkvæmd lokaprófs ef það á við 12 klst</p> <p>Einnig teljum við að kennanum beri að fá að lágmarki vinnumat fyrir lágmarks fjölda nemenda í hvorum áfanga fyrir sig.</p> <p>Dæmi: Ef í verknámsáfanga REN103 eru 7 nemendur og í REN203 væru 5, þá á kennarinn að fá $8+8=16$ nemendur í sitt vinnumat en þó án þess að fara í „bónusnemendur“ nema nemendur séu í raun 15 eða fleiri.</p> | |
| Framvinda máls: <input type="checkbox"/> Mál afgreitt <input type="checkbox"/> Máli vísað til úrskurðarnefndar | |